

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/44/08

frá 27. desember 2004

um breytingu á ákvörðun 2001/497/EB að því er varðar innleiðingu annarra fastra samningsákvæða vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 5271)

(2004/915/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

gagnavernd og bálkur föstu samningsákvæðanna sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2001/497/EB með því að beita öðrum aðferðum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að auðvelda gagnasendingar frá Bandalaginu er æskilegt að ábyrgðaraðilar gagna geti framkvæmt hnattræna gagnaflutninga samkvæmt einum bálki gagnaverndarreglna. Séu engir hnattrænir staðlar um gagnavernd til staðar eru föst samningsákvæði mikilvægt tæki sem gera kleift að flytja persónuupplýsingar frá öllum aðildarríkjum samkvæmt sameiginlegum bálki reglna. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun 95/46/EB ⁽²⁾ er því mælt fyrir um fyrirmynd að föstum samningsákvæðum sem tryggja fullnægjandi öryggisráðstafanir vegna flutnings gagna til þriðju landa.

2) Mikil reynsla hefur fengist síðan ákvörðunin var samþykkt. Þar að auki hefur bandalag viðskiptasamtaka ⁽³⁾ lagt fram annan bálk fastra samningsákvæða sem ætlað er að veita sambærilega

3) Þar sem notkun fastra samningsákvæða við alþjóðlega gagnaflutninga er valfrjálst, vegna þess að föst samningsákvæði eru aðeins ein leið af nokkrum samkvæmt tilskipun 95/46/EB til að flytja persónuupplýsingar löglega til þriðja lands, skal gagnaútflytjendum í Bandalaginu og gagnainnflytjendum í þriðju löndum vera frjálst að kjósa þann bálk fastra samningsákvæða sem þeir vilja eða að velja annan lagagrundvöll fyrir gagnaflutninga. Þar sem hver bálkur myndar fyrirmynd skal gagnaútflytjendum þó ekki heimilt að breyta á nokkurn hátt þessum bálkum eða sameina þá að hluta eða í heild.

4) Markmiðið með föstu samningsákvæðunum, sem bandalag viðskiptasamtaka lagði fram, er að auka notkun fastra samningsákvæða meðal rekstraraðila með aðferðum eins og sveigjanlegri eftirlitskröfum og nákvæmari reglum um rétt til aðgangs.

5) Þar að auki inniheldur bálkurinn, sem lagður hefur verið fram, annan valkost í stað kerfis óskiptrar bótaábyrgðar, sem kveðið er á um í ákvörðun 2001/497/EB, þar sem fyrirkomulag bótaábyrgðar byggist á skuldbindingum um áreiðanleikakönnun og gagnaútflytjandi og gagnainnflytjandi bera ábyrgð gagnvart skráðu aðilunum vegna brota á samningsskyldum sínum. Gagnaútflytjandi ber einnig ábyrgð ef hann kostar ekki kapps um að ákvarða hvort gagnainnflytjandinn geti uppfyllt lagalegar skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðunum (culpa in eligendo) og getur skráði aðilinn gripið til aðgerða gegn gagnaútflytjandanum í þessu tilliti. Framkvæmd b-liðar I. ákvæðis í nýjum bálki fastra samningsákvæða er einkar mikilvæg í þessu skyni, einkum hvað varðar þann möguleika gagnaútflytjandans að gera úttekt á athafnasvæði gagnainnflytjandans eða að óska eftir sönnun þess að hann ráði yfir nægilegu fjármagni til að uppfylla skuldbindingar sínar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 385, 29.12.2004, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 30.3.2006, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 1883/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19.

⁽³⁾ Alþjóðavarslunarráðið (ICC), Japan Business Council in Europe (JBCE), European Information and Communications Technology Association (EICTA), EU Committee of the American Chamber of Commerce in Belgium (Amcham), Confederation of British Industry (CBI), International Communication Round Table (ICRT) og Federation of European Direct Marketing Associations (FEDMA).

- 6) Að því er varðar beitingu réttar þriðja aðila af hálfu skráðra aðila, er kveðið á um að gagnaútflytjandinn taki meiri þátt í því að bregðast við kvörtunum skráðra aðila og að gagnaútflytjandinn verði skyldaður til að hafa samband við gagnainnflytjandann og, ef nauðsyn krefur, framfylgja samningnum innan venjulegs tímabils sem er einn mánuður. Ef gagnaútflytjandi neitar að framfylgja samningnum og brotum gagnainnflytjandans linnir ekki er skráða aðilanum heimilt að framfylgja ákvæðunum gegn gagnainnflytjandanum og lögsækja hann að lokum í aðildarríki. Þessi viðurkenning lögsögu og samþykki um að fara að ákvörðun þar til bærts dómstóls eða gagnaverndaryfirvalda hefur ekki áhrif á rétt gagnainnflytjenda, sem hafa staðfestu í þriðja landi, til málsmeðferðar, t.d. á málskotsrétt.
- 11) Til að meta framkvæmd breytinganna á ákvörðun 2001/497/EB er viðeigandi að framkvæmdastjórnin meti þær þremur árum eftir að þær eru tilkynntar aðildarríkjunum.
- 12) Breyta ber ákvörðun 2001/497/EB til samræmis við þetta.
- 13) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

- 7) Til að koma í veg fyrir að þessi aukni sveigjanleiki leiði til misnotkunar er þó viðeigandi að kveða á um að gagnaverndaryfirvöld eigi auðveldara með að banna eða stöðva tímabundið gagnaflutning á grundvelli nýs bálks fastra samningsákvæða í þeim tilfellum þegar gagnaútflytjandi neitar að grípa til viðeigandi ráðstafana til að framfylgja samningsskyldum gegn gagnainnflytjanda eða sá síðarnefndi neitar í góðri trú samstarfi við lögbær eftirlitsyfirvöld gagnaverndar.

I. gr.

Ákvörðun 2001/497/EB er breytt sem hér segir:

- 8) Föstum samningsákvæðum skal beitt með fyrirvara um beitingu innlendra ákvæða, sem samþykkt eru á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB eða 2002/58/EB um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti)⁽¹⁾, einkum hvað varðar að senda viðskiptaorðsendingar vegna beinnar markaðssetningar.

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.:

„Ábyrgðaraðilar gagna mega velja annaðhvort I. eða II. bálk í viðaukanum. Þeir mega hvorki breyta ákvæðunum né sameina einstök ákvæði eða bálkana.“

- 9) Á þeim grundvelli teljast verndarráðstafanir í föstu samningsákvæðunum, sem lögð hafa verið fram, fullnægjandi í skilningi 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB.

2. Í stað 2. og 3. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„2. Þar sem ábyrgðaraðili gagna tryggir fullnægjandi öryggisráðstafanir á grundvelli föstu samningsákvæðanna, sem er að finna í II. bálki í viðaukanum, er lögbærum gagnaverndaryfirvöldum heimilt, að því er varðar 1. mgr., að beita valdi sínu til að banna eða stöðva tímabundið gagnasendingar í eftirfarandi tilvikum:

- 10) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað álit⁽²⁾ um þá vernd sem kveðið er á um í föstu samningsákvæðunum sem lögð hafa verið fram og tekið hefur verið tillit til.

a) ef gagnainnflytjandi neitar í góðri trú samstarfi við gagnaverndaryfirvöld eða að uppfylla skýrar skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum,

b) ef gagnaútflytjandi neitar að grípa til viðeigandi ráðstafana til að framfylgja samningnum gegn gagnainnflytjandanum innan venjulegs tíma, sem er einn mánuður, eftir að gagnaútflytjandanum hefur borist tilkynning frá lögbæra gagnaverndaryfirvaldinu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

⁽²⁾ Álit nr. 8/2003, má finna hér: <http://europa.eu.int/comm/privacy>

Neiti gagnainnflytjandi gegn betri vitund eða neiti hann að framfylgja samningnum, að því er varðar fyrstu undirgrein, skal það ekki taka til tilvika þar sem samvinna eða framfylgd myndi stangast á við lögboðin skilyrði innlendrar löggjafar, sem gilda um gagnainnflytjanda og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er í lýðræðisþjóðfélagi á grundvelli einhverra þeirra hagsmuna sem eru tilgreindir í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 95/46/EB, einkum viðurlaga sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum og/eða innlendum gerningum, kröfum um skattframtöl eða upplýsingaskyldu til að vinna gegn peningabætti.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar getur samvinna einkum falið í sér að gagnainnflytjandi veiti aðgang að gagnavinnsluáðstöðu sinni svo unnt sé að gera úttekt á henni eða hann skuldbindur sig til að fara eftir leiðbeiningum eftirlitsyfirvalds með gagnavernd í Bandalaginu.

3. Banni eða stöðvun, skv. 1. og 2. mgr., skal aflétt um leið og ástæður bannsins eða stöðvunarinnar eru ekki lengur fyrir hendi.

4. Þegar aðildarríki samþykkja ráðstafanir, skv. 1., 2. og 3. mgr., skulu þau án tafar tilkynna það framkvæmdastjórninni sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.“

3. Í stað fyrstu setningar í 5. gr. kemur eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórnin skal meta framkvæmd ákvörðunar þessarar á grundvelli tiltækra upplýsinga þremur árum eftir að aðildarríkjunum hefur verið tilkynnt um hana og breytingar á henni.“

4. Viðaukanum er breytt sem hér segir:

1. Á eftir fyrirsögninni bætist við „I. BÁLKUR“.

2. Texti viðaukans við þessa ákvörðun bætist við.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. apríl 2005.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. desember 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„II. BÁLKUR

Föst samningsákvæði um flutning persónuupplýsinga frá Bandalaginu til þriðju landa (flutningar milli ábyrgðaraðila)*Gagnaflutningssamningur*

milli

_____ (heiti)

_____ (heimilisfang og staðfestuland)

hér á eftir „gagnaútflytjandi“

og

_____ (heiti)

_____ (heimilisfang og staðfestuland)

hér á eftir „gagnainnflytjandi“

hvor um sig „aðili“, saman „aðilar“.

Skilgreiningar

Í þessum ákvæðum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „persónuupplýsingar“, „sérstakir gagnaflokkar/viðkvæm gögn“, „vinnsluferli/vinnsla“, „ábyrgðaraðili“, „vinnsluaðili“, „skráður aðili“ og „eftirlitsyfirvald/yfirvald“ hafa sömu merkingu og í tilskipun 95/46/EB frá 24. október 1995 (þar sem „yfirvald“ merkir lögbært gagnaverndaryfirvald á yfirráðasvæðinu þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu),
- „gagnaútflytjandi“: ábyrgðaraðilinn sem flytur persónuupplýsingarnar,
- „gagnainnflytjandi“: ábyrgðaraðilinn sem samþykkir að veita persónuupplýsingum frá gagnaútflytjanda viðtöku til frekari vinnslu samkvæmt skilmálum þessara ákvæða og sem heyrir ekki undir kerfi þriðja lands sem tryggir nægilega vernd,
- „ákvæði“: samningsákvæði sem eru sjálfstætt skjal sem tekur ekki til viðskiptaskilmála sem aðilarnir setja samkvæmt aðskildu viðskiptafyrirkomulagi.

Upplýsingar um flutninginn (auk þeirra persónuupplýsinga sem hann tekur til) eru tilgreindar í viðauka B sem er óaðskiljanlegur hluti ákvæðanna.

I. Skuldbindingar gagnaútflytjanda

Gagnaútflytjandinn ábyrgist:

- að persónuupplýsingunum hafi verið safnað, þær unnar og fluttar í samræmi við lög sem gilda um gagnaútflytjandann.
- að hann hafi kostað kapps um að ákvarða hvort gagnainnflytjandinn geti uppfyllt lagalegar skuldbindingar sínar samkvæmt þessum ákvæðum,
- að hann afhendi gagnainnflytjandanum, þegar óskað er eftir því, afrit af viðeigandi lögum um gagnavernd eða tilvísanir í þau (þar sem við á og án lögfræðiráðgjafar) sem gilda í landinu þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu,

- d) að hann muni svara fyrirspurnum skráða aðilans og yfirvalda um vinnslu gagnainnflytjandans á persónuupplýsingunum, nema aðilarnir hafi orðið ásáttir um að gagnainnflytjandinn svari, en þá mun gagnautflytjandinn, eftir sem áður, svara að því marki sem það er mögulegt miðað við þær upplýsingar sem hann hefur aðgang að ef gagnainnflytjandinn kys að svara ekki eða getur það ekki. Svör skulu berast innan sanngjarnra tímamarka.
- e) að sé þess óskað muni hann hafa afrit af ákvæðunum tiltæk fyrir skráða aðila, sem njóta réttinda þriðju aðila skv. III. ákvæði, nema ákvæðin innihaldi trúnaðarupplýsingar en þá mun hann fjarlægja slíkar upplýsingar. Séu upplýsingar fjarlægðar skal gagnautflytjandi tilkynna skráðum aðilum skriflega um ástæðuna fyrir því að þær voru fjarlægðar og um rétt þeirra til vekja athygli yfirvalda á því. Gagnautflytjandinn skal þó hlíta ákvörðun yfirvaldsins um aðgang skráðra aðila að texta ákvæðanna í heild sinni svo framarlega sem skráðu aðilarnir hafi samþykkt að virða þagnarskyldu þegar kemur að trúnaðarupplýsingunum sem fjarlægðar voru. Gagnautflytjandinn skal einnig láta yfirvöldum í té afrit af ákvæðunum sé þess krafist.

II. Skuldbindingar gagnainnflytjanda

Gagnainnflytjandinn ábyrgist:

- a) að hann hafi gert viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn óviljandi eða ólöglegri eyðileggingu eða að þau glattist fyrir slysi, gegn breytingum, óleyfilegri afhendingu eða aðgangi og að þessar ráðstafanir tryggji nægilegt öryggi miðað við áhættuna sem vinnslan hefur í för með sér og það hvers eðlis þau gögn eru sem á að vernda,
- b) að hann hafi sett verklagsreglur svo þriðju aðilar sem hann veitir aðgang að persónuupplýsingum, þ.m.t. vinnsluáðilar, muni halda og virða þagnarskyldu og öryggi persónuupplýsinganna. Einstaklingar sem starfa í umboði gagnainnflytjanda, þ.m.t. gagnavinnsluáðili, skulu ekki setja gögnin í vinnslu nema samkvæmt fyrirráðum frá gagnainnflytjandanum; þetta ákvæði gildir ekki um einstaklinga sem hefur verið veittur aðgangur eða sem krafist er að hafi aðgang, samkvæmt lögum eða reglugerðum, að persónuupplýsingum,
- c) að hann hafi enga ástæðu til að ætla, þegar hann gengst undir þessi ákvæði, að í gildi séu landslög sem líklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á þær tryggingar, sem kveðið er á um í ákvæðunum, og að hann muni tilkynna gagnautflytjandanum það (sem mun koma slíkri tilkynningu til yfirvalda sé þess krafist) ef hann öðlast vitneskju um slík lög,
- d) að hann muni vinna með persónuupplýsingar í þeim tilgangi sem lýst er í viðauka B og hafi lögheimild til að veita þær ábyrgðir og standa við þær skuldbindingar sem settar eru fram í þessum ákvæðum,
- e) að hann muni benda gagnautflytjandanum á tengilið innan fyrirtækisins, sem hefur heimild til að svara fyrirspurnum varðandi vinnslu persónuupplýsinga, og að hann muni starfa í góðri trú með gagnautflytjandanum, skráða aðilanum og yfirvaldinu til að svara öllum fyrirspurnum innan sanngjarnra tímamarka; komi til þess að gagnautflytjandi verði lagður niður samkvæmt lögum, eða að aðilarnir verði ásáttir um það, mun gagnautflytjandi taka ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum e-liðar í I. ákvæði,
- f) að óski gagnautflytjandi eftir því muni hann útvega gagnautflytjandanum sönnun fyrir því að hann hafi yfir að ráða nægilegu fjármagni til að uppfylla skuldbindingar sínar skv. III. ákvæði (sem mega taka til trygginga),
- g) að ef gagnautflytjandi leggur fram sanngjarna beiðni muni hann láta gagnautflytjanda (eða óháðan eða óhlutdrægan skoðunar- eða úttektaraðila sem gagnautflytjandi velur og sem gagnainnflytjandi andmælir ekki á sanngjörnum grundvelli) skoða, gera úttekt á og/eða votta gagnavinnsluáðstöðu, gagnaskrár og skjöl, sem nauðsynleg eru til vinnslunnar, til að tryggja að staðið sé við ábyrgðir og skuldbindingar, sem fram koma í þessum ákvæðum, með eðlilegum fyrirvara og á skrifstofutíma; beiðnin er háð nauðsynlegu samþykki eða viðurkenningu frá stjórnvaldi eða eftirlitsyfirvaldi í landi gagnainnflytjandans sem gagnainnflytjandinn mun reyna að afla tímanlega,

- h) að hann muni vinna persónuupplýsingar að eigin ákvörðun í samræmi við:
- i. lög um gagnavernd í landinu þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu eða
 - ii. viðeigandi ákvæði⁽¹⁾ ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar skv. 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB þar sem gagnainnflytjandi fer að viðeigandi ákvæðum slíkrar heimildar eða ákvörðunar og hefur staðfestu í landi sem slík heimild eða ákvörðun nær til en fellur ekki undir slíka heimild eða ákvörðun að því er varðar flutning persónuupplýsinga⁽²⁾ eða
 - iii. meginreglur um gagnavinnslu sem eru settar fram í viðauka A.

Valmöguleiki sem gagnainnflytjandi hyggst nýta:

Upphafsstafir gagnainnflytjanda:

- i) að hann muni ekki afhenda eða flytja persónuupplýsingar til þriðja aðila, sem er ábyrgðaraðili gagna utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), nema hann tilkynni gagnaútflytjandanum um flutninginn og
- i. að þriðji aðilinn, sem er ábyrgðaraðili gagna, vinni persónuupplýsingarnar í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem kemst að því að þriðja land veiti fullnægjandi vernd eða
 - ii. að þriðji aðilinn, sem er ábyrgðaraðili gagna, gerist undirritunaraðili að þessum ákvæðum eða öðrum gagnaflutningssamningi sem lögbært yfirvald í Evrópusambandinu hefur samþykkt eða
 - iii. að skráðir aðilar hafi fengið tækifæri til að andmæla þegar þeim hefur verið kynntur tilgangur flutningsins, flokkar viðtakenda og að löndin, sem gögnin verða flutt til, kunni að hafa aðrar reglur um gagnavernd eða
 - iv. að því er varðar flutning viðkvæmra gagna, að skráðir aðilar hafi veitt skýlaust samþykki sitt fyrir framsendingunni.

III. Bótaábyrgð og réttindi þriðju aðila

- a) Hver aðili skal bera bótaábyrgð gagnvart hinum aðilunum vegna tjóns sem hann veldur með broti á einhverju ákvæðanna. Bótaábyrgð milli aðila takmarkast við raunverulegt tjón sem hlýst. Refsiskaðabætur (þ.e. bætur sem hafa þann tilgang að refsa aðila fyrir óviðeigandi hegðun) eru sérstaklega undanskildar. Hver aðili skal bera bótaábyrgð gagnvart skráðum aðilum vegna tjóns sem hann veldur með broti á réttindum þriðju aðila samkvæmt þessum ákvæðum. Þetta hefur ekki áhrif á bótaábyrgð gagnaútflytjanda samkvæmt gildandi lögum um gagnavernd.
- b) Aðilar eru sammála um að skráður aðili skuli hafa rétt til að framfylgja þessu ákvæði sem þriðji aðili og b-, d- og e-lið í I. ákvæði, a-, c-, d-, e-, h- og i-lið í II. ákvæði, a-lið í III. ákvæði, V. ákvæði, d-lið í VI. ákvæði og VII. ákvæði gegn gagnainnflytjanda eða gagnaútflytjanda vegna brota þeirra á samningsskyldum sínum, að því er varðar persónuupplýsingar hans, og samþykkja lögsögu í þessu skyni í því landi þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu. Ef gagnainnflytjandi er ásakaður um brot verður skráði aðilinn fyrst að fara þess á leit við gagnaútflytjanda að hann gripí til viðeigandi aðgerða til að framfylgja réttindum sínum gagnvart gagnainnflytjandanum. Gripí gagnaútflytjandi ekki til slíkra aðgerða innan hæfilegs tíma (sem við eðlilegar aðstæður er einn mánuður) er skráða aðilanum heimilt að leita réttar síns gagnvart gagnainnflytjandanum. Skráðum aðila er heimilt að snúa sér beint til gagnaútflytjanda sem hefur ekki kostað kapps um að ákvarða hvort gagnainnflytjandi geti uppfyllt lagalegar skuldbindingar sínar samkvæmt þessum ákvæðum (gagnaútflytjandinn þarf að sanna að hann hafi kostað kapps).

⁽¹⁾ „Viðeigandi ákvæði“: ákvæði hvers konar leyfisveitingar eða ákvörðunar að undanskildum ákvæðum um fullnustu hvers konar leyfisveitingar eða ákvörðunar (sem skulu háð þessum ákvæðum).

⁽²⁾ Hins vegar verða ákvæði viðauka A5 um rétt til aðgangs, leiðréttingar, eyðingar og andmæla að gilda þegar þessi kostur er valinn og ganga framár öllum sambærilegum ákvæðum viðkomandi ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar.

IV. Lög sem gilda um ákvæðin

Ákvæðin skulu háð lögum landsins þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu að undanskildum lögum og reglugerðum sem tengjast vinnslu gagnainnflytjanda á persónuupplýsingum í samræmi við h-lið í II. ákvæði, sem skal eingöngu gilda ef gagnainnflytjandinn velur slíkt samkvæmt framangreindu ákvæði.

V. Lausn ágreinings við skráðan aðila eða við yfirvöld

- a) Ef upp kemur ágreiningur eða ef fram koma kröfur af hálfu skráðs aðila eða yfirvalda, að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga, á hendur öðrum eða báðum aðilum, skulu aðilar tilkynna hvor öðrum um hvers kyns ágreining eða kröfur og starfa saman í því skyni að leysa málin tímanlega og í vinsemd.
- b) Aðilar samþykkja að bregðast við allri almennri sáttameðferð sem ekki er bindandi og skráður aðili eða yfirvöld eiga frumkvæðið að. Ef aðilar taka þátt í málsmeðferðinni er þeim heimilt að gera slíkt án þess að vera á staðnum (s.s. símleiðis eða á annan rafrænan hátt). Aðilar samþykkja einnig að íhuga þátttöku í hvers kyns gerðardómi, sáttamleitun eða annars konar málsmeðferð um lausn ágreiningsmála sem er þróuð til að leysa ágreiningsmál sem snerta gagnavernd.
- c) Hver aðili skal hlíta ákvörðun þar til bær dómstóls í staðfestulandi gagnaútflytjandans eða yfirvaldsins sem tekur endanlega ákvörðun og sem ekki er hægt að áfrýja.

VI. Uppsögn

- a) Ef til þess kemur að gagnaútflytjandinn vanræki skuldbindingar sínar samkvæmt þessum ákvæðum er gagnaútflytjandanum heimilt að stöðva flutning persónuupplýsinga til gagnaútflytjandans tímabundið þar til búið er að bæta úr vanrækslunni eða samningi er sagt upp.
- b) Ef:
 - i. gagnaútflytjandi hefur stöðvað tímabundið flutning persónuupplýsinga til gagnaútflytjanda lengur en í einn mánuð samkvæmt a-lið,
 - ii. fylgni gagnaútflytjanda við þessi ákvæði brýtur í bága við lagalegar skuldbindingar eða reglugerðarskuldbindingar í innflutningslandi,
 - iii. gagnaútflytjandi brýtur verulega gegn ábyrgðum eða skuldbindingum, sem viðkomandi hefur gengist undir samkvæmt þessum ákvæðum, eða ef brot hans eru viðvarandi,
 - iv. til þess bær dómstóll í staðfestulandi gagnaútflytjandans eða yfirvöld kveða upp úrskurð, sem ekki er mögulegt að áfrýja, á þá leið að gagnaútflytjandi eða gagnaútflytjandi hafi brotið gegn ákvæðum þessum eða
 - v. lögð er fram beiðni um fjármálastjórnun eða slitameðferð hjá gagnaútflytjanda, hvort sem um er að ræða á viðskipta- eða einstaklingsgrundvelli, og beiðninni er ekki vísað frá innan videigandi tímabils fyrir slíkar frávisanir samkvæmt gildandi lögum, fyrirmæli varðandi slitameðferð eru gefin, skiptastjóri er skipaður yfir tilteknum eignum, fjárvörslumaður er skipaður vegna gjaldþrots, ef gagnaútflytjandi er einstaklingur, viðkomandi hefur frumkvæði að nauðasamningum félagsins eða ef jafngildir atburðir eiga sér stað í hvaða lögsögu sem er.

er gagnaútflytjanda heimilt, með fyrirvara um annan rétt sem hann kann að hafa gagnvart gagnaútflytjandanum, að segja þessum ákvæðum upp en þá skal tilkynna yfirvöldum um slíkt þegar þess er krafist. Í tilvikum sem falla undir i., ii. eða iv. lið hér að framan er gagnaútflytjanda einnig heimilt að segja þessum ákvæðum upp.

- c) Hvorum aðila um sig er heimilt að segja þessum ákvæðum upp ef i) framkvæmdastjórnin gefur út fullnægjandi ákvörðun skv. 6. mgr. 25. gr. reglugerðar 95/46/EB (eða öðrum texta sem kemur í stað tilskipunarinnar) sem snértir viðkomandi land (eða svæði innan þess) sem gögnin eru flutt til og gagnainnflytjandi vinnur þau í, eða ii) tilskipun 95/46/EBE (eða annar texti sem kemur í stað tilskipunarinnar) öðlast gildi án frekari lögfestingar í viðkomandi landi.
- d) Málsaðilarnir samþykkja að uppsögn ákvæðanna hvenær sem er, við hvaða aðstæður sem er og af hvaða ástæðum sem er (að undanskilinni uppsögn skv. c-lið í VI. ákvæði) veiti þeim ekki undanþágu frá skuldbindingum og/eða skilyrðum í ákvæðunum að því er varðar vinnslu á fluttum persónuupplýsingum.

VII. Frávík frá þessum ákvæðum

Aðilum er ekki heimilt að breyta þessum ákvæðum nema til þess að uppfæra upplýsingar í viðauka B en þá skulu þeir tilkynna yfirvöldum um slíkt þegar þess er krafist. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðilar bæti viðskiptaákvæðum við þegar þess er krafist.

VIII. Lýsing á flutningnum

Upplýsingar um flutninginn og persónuupplýsingarnar eru tilgreindar í viðauka B. Aðilar eru sammála um að viðauki B megi innihalda viðskiptaupplýsingar sem eru trúnaðarmál og sem þeir muni ekki afhenda til þriðja aðila nema slíks sé krafist lögum samkvæmt eða sem svar til lögbærra eflirlitsstofnana eða opinberra stofnana eða eins og krafist er skv. e-lið í I. ákvæði. Aðilum er heimilt að semja viðbótarviðauka sem ná yfir viðbótarflutninga og skal leggja þá fyrir yfirvöld ef þess er krafist. Einnig má semja drög að viðauka B sem nær yfir margþætta flutninga.

Dagsett: _____

FYRIR GAGNAINNFLYTJANDA

FYRIR GAGNAÚTFLYTJANDA

VIÐAUKA

MEGINREGLUR UM GAGNAVINNSLU

1. Takmörkun vegna tilgangs: Einungis er heimilt að vinna persónuupplýsingar og síðan nota þær eða flytja í þeim tilgangi sem lýst er í viðauka B eða eins og skráði aðilinn heimilar.
2. Gæði gagna og meðalhóf: Persónuupplýsingar skulu vera nákvæmar og uppfærðar þegar þörf krefur. Persónuupplýsingar skulu vera fullnægjandi, viðeigandi og ekki í of miklu magni með tilliti til tilgangs flutningsins og frekari vinnslu.
3. Gagnsæi: Skráðir aðilar skulu fá nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja eðlilega vinnslu (t.d. upplýsingar um tilgang vinnslunnar og um flutninginn) nema gagnaútflytjandinn hafi áður veitt þeim slíkar upplýsingar.
4. Öryggi og trúnaður: Ábyrgðaraðili gagna skal gera tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með tilliti til áhættu sem vinnslan hefur í för með sér, t.d. gegn óviljandi eða ólöglegri eyðileggingu gagna eða að þau glatist fyrir slysi, gegn breytingum, óeigilegri afhendingu eða aðgangi. Einstaklingar sem starfa í umboði ábyrgðaraðila gagna, þ.m.t. vinnsluáðili, skulu ekki setja gögnin í vinnslu nema samkvæmt fyrirmælum frá ábyrgðaraðila gagna.
5. Réttur til aðgangs, leiðréttinga, eyðingar og andmæla: Eins og kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar 95/46/EB verða skráðir aðilar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu þriðja aðila, að fá persónuupplýsingar, sem fyrirtæki hefur um þá, að undanskildum beiðnum sem eru augljóslega misþjóðandi, grundvallast á óeðlilegum hléum eða fjölda eða endurteknar beiðnir eða kerfisbundnar beiðnir eða beiðnum sem ekki þarf að veita aðgang að samkvæmt lögum í landi gagnaútflytjanda. Að því tilskildu að yfirvöld hafi veitt samþykki sitt fyrirfram er heldur ekki nauðsynlegt að samþykkja aðgang ef líklegt er að slíkt valdi hagsmunum gagnainnflytjanda eða annarra stofnana, sem starfa með gagnainnflytjandanum, alvarlegum skaða og þegar hagsmunir skráðra aðila, hvað varðar grundvallarréttindi og frelsi, eru slíkum hagsmunum ekki yfirsterkari. Ekki þarf að tilgreina heimildir fyrir persónuupplýsingum þegar slíkt er ekki mögulegt þótt kostað sé kapps um slíkt eða þar sem brotið yrði gegn rétti annarra einstaklinga. Skráðir aðilar skulu eiga kost á að láta lagfæra, breyta eða eyða persónulegum upplýsingum um sig þegar upplýsingar eru ekki réttar eða þegar vinnsla þeirra gengur gegn þessum meginreglum. Ef um er að ræða knýjandi ástæður til að efast um lögmæti beiðninnar er stofnuninni heimilt að fara fram á frekari rök áður en lengra er haldið, varðandi lagfæringar, breytingar eða eyðingu. Ekki er nauðsynlegt að tilkynna þriðja aðila, sem hefur verið greint frá gögnunum, um neins konar lagfæringar, breytingar eða eyðingu þegar slíkt hefur óhóflega fyrirhöfn í för með sér. Skráður aðili skal einnig hafa rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna. Sönnunarbyrði varðandi hvers kyns synjun hvílir á gagnainnflytjanda og skráðum aðila er ætíð heimilt að vefengja neitun fyrir yfirvöldum.
6. Viðkvæm gögn: Gagnainnflytjandi skal gera þær viðbótarráðstafanir (t.d. sem tengjast öryggi) sem eru nauðsynlegar til að vernda viðkvæm gögn af þessu tagi, í samræmi við skuldbindingar sínar skv. II. ákvæði.
7. Gögn notuð til markaðssetningar: Þegar gögn eru unnin fyrir beina markaðssetningu skal skilvirkum aðferðum beitt sem heimila skráða aðilanum að andmæla hvenær sem upplýsingar um hann eru notaðar í slíkum tilgangi.
8. Ákvarðanir með sjálfvirkum hætti: Í þessu sambandi merkir hugtakið „ákvarðanir með sjálfvirkum hætti“ ákvörðun sem gagnaútflytjandi eða gagnainnflytjandi tekur sem hefur réttaráhrif á skráða aðilann eða skiptir hann verulegu máli og sem er eingöngu byggð á vélrænni gagnavinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi að meta ákveðna þætti er varða hagi hans, s.s. frammistöðu hans í starfi, lánshæfi, áreiðanleika, hegðun, o.s.frv. Gagnainnflytjandinn skal ekki taka neinar ákvarðanir með sjálfvirkum hætti varðandi skráða aðila nema þegar:
 - a) i. gagnainnflytjandinn tekur slíkar ákvarðanir við gerð eða framkvæmd sammings við skráðan aðila og
 - ii. skráður aðili fær tækifæri til að ræða niðurstöðu viðkomandi ákvörðunar, sem tekin er með sjálfvirkum hætti, við fulltrúa þeirra aðila sem tóku slíka ákvörðun eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri við téða aðila með öðrum hætti,eða
- b) lög gagnaútflytjanda kveða á um annað.

VIÐAUKI B

LÝSING Á FLUTNINGNUM

(Aðilar fylli út)

Skráðir aðilar

Persónuupplýsingar, sem fluttar eru, varða eftirfarandi flokka skráðra aðila:

.....
.....
.....
.....

Tilgangur með flutningnum

Flutningurinn er framkvæmdur í eftirfarandi tilgangi:

.....
.....
.....
.....

Gagnaflokkar

Persónuupplýsingar, sem fluttar eru, varða eftirfarandi gagnaflokka:

.....
.....
.....
.....

Viðtakendur

Eingöngu er heimilt að birta persónuupplýsingar, sem fluttar eru, eftirfarandi viðtakendum eða flokkum viðtakenda:

.....
.....
.....

Viðkvæm gögn (ef við á)

Persónuupplýsingar, sem fluttar eru, varða eftirfarandi flokka viðkvæmra gagna:

.....
.....
.....
.....

Skráningarupplýsingar gagnaútflytjanda varðandi verndun gagna (þar sem við á)

.....
.....

Aðrar gagnlegar upplýsingar (geymslumörk og aðrar viðeigandi upplýsingar)

.....
.....

Tengiliðir varðandi fyrirspurnir um verndun gagna

Gagnainnflytjandi

Gagnaútflytjandi

.....
.....
.....

VIÐSKIPTAÁKVÆÐI TIL SKÝRINGAR (VALFRJÁLST)

Bótaábyrgð milli gagnútflytjanda og gagnainnflytjanda:

„Aðilar skulu bæta hvor öðrum skaða af völdum kostnaðar, gjalda, tjóns, útgjalda eða taps sem þeir valda hvor öðrum vegna brota á skuldbindingum þessara ákvæða. Skaðabætur hér á eftir eru skilyrtar af því að a) aðili eða aðilar sem eiga að fá bætur („skaðabótaþegi eða skaðabótaþegar“) tilkynni hinum aðilanum („skaðabótageiðanda eða skaðabótageiðendum“) tafarlaust um bótakröfu, b) að skaðabótageiðandi eða skaðabótageiðendur hafi einir stjórn á vörn og úrlausn slíkrar bótakröfu og c) að skaðabótaþegi eða skaðabótaþegar starfi af sanngirmi með skaðabótageiðanda eða skaðabótageiðendum og aðstoði þá við að verja slíka bótakröfu.“

Lausn ágreiningsmála milli gagnútflytjanda og gagnainnflytjanda (aðilum er að sjálfsgöðu heimilt að nota hvaða aðferð aðra sem er við lausn ágreiningsmála eða lögsöguákvæði):

„Ef til ágreinings kemur milli gagnainnflytjanda og gagnútflytjanda varðandi meint brot á skuldbindingum samkvæmt þessum ákvæðum skulu slík ágreiningsmál leyst endanlega samkvæmt gerðardómsreglum Alþjóðaverslunarráðsins og skal einn eða fleiri gerðardómsmenn tilnefndir til þeirra starfa í samræmi við fyrrnefndar reglur. Gerðardómur skal staðsettur []. Fjöldi gerðardómsmanna skal vera [].“

Skipting kostnaðar:

„Hver aðili skal standa straum af kostnaði við að sinna skuldbindingum sínum samkvæmt þessum ákvæðum.“

Viðbótarákvæði varðandi uppsögn:

„Ef til þess kemur að þessum ákvæðum verður sagt upp skal gagnainnflytjandinn þegar í stað skila gagnútflytjanda öllum persónuupplýsingum og öllum afritum af persónuupplýsingum, sem falla undir þessi ákvæði, eða, ef gagnútflytjandi óskar eftir því, eyðileggja allar téðar persónuupplýsingar og fullvissa gagnútflytjandann um að hann hafi gert það nema landsbundin lög eða staðbundið stjórnvald, sem gagnútflytjandi heyrir undir, komi í veg fyrir að gögn eða hlutar gagna séu eyðilagðir eða þeim skilað en, í þeim tilvikum verða gögnin geymd sem trúnaðarmál og ekki unnin á virkan hátt í neinum tilgangi. Gagnainnflytjandinn fellst á, ef gagnútflytjandi fer fram á það, að heimila gagnútflytjanda eða skoðunarfulltrúa, sem gagnútflytjandi velur og gagnainnflytjandi getur ekki mótmælt á réttmætan hátt, aðgang að starfsstöð sinni með hæfilegum fyrirvara og á vinnutíma, til að sannreyna að framangreindar ráðstafanir hafi verið gerðar.“